



SAMKEPPNISEFTIRLITID

Þriðjudagur, 27. júní 2012

Ákvörðun nr. 13/2012

## **Samruni Rekstrarfélagsins tíu-ellefu ehf. og 11/11 – Kaupáss hf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Með bréfi, 26. mars 2012, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Rekstrarfélagsins tíu-ellefu ehf. (hér eftir nefnt 10-11) og 11/11 – Kaupáss hf. (hér eftir nefnt Kaupás). Um hlutasamruna er að ræða sem felur í sér kaup 10-11 á vörumerkinu 11/11 af Kaupási. Samkeppniseftirlitinu barst svokölluð styttri samrunatilkynning. Fullnægðil tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, þar sem samanlögð markaðshlutdeild samrunaaðila er undir 20% af smásöllumarkaði fyrir dagvöru, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005.

### **II.**

#### **Samruninn**

Samruni þessi varðar kaup 10-11 á vörumerkinu 11/11, innréttingar og annað lausafé, auk yfirtöku á húsaleigusamningum við leigusala þeirra 11/11 verslana sem eftir standa, önnur við Hlemm í Reykjavík og hin í Þverbrekku í Kópavogi. Jafnframt kemur fram í samrunaskránni að tekinn verði yfir húsaleigusamningur við Grensásveg 46 þar sem verslunarstarfsemi hafi verið aflögð en félagið sé enn bundið húsaleigusamningi til langs tíma. Þá kemur fram að um sé að ræða hlutasamruna sem einungis nái til þessara takmörkuðu eigna og yfirtöku á leigusamningum.

Í samrunaskránni er vitnað í nýlega umfjöllun Samkeppniseftirlitsins um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði, sbr. skýrslu eftirlitsins nr. 1/2012, *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*. Er bent á að þar komi fram að 10-11 sé með 4-5% markaðshlutdeild á höfuðborgarsvæðinu, en það sé sá landfræðilegi markaður sem samrunaaðilar telji áhrifa samrunans gæta. Jafnframt kemur fram að markaðshlutdeild 11/11 sé 0-1% á höfuðborgarsvæðinu. Samrunaaðilar benda á að umræddur samruni ætti að hafa jákvæð áhrif á dagvörumarkaðinn þar sem verið sé að styrkja stöðu lítills aðila á markaði þar sem fyrir séu þrír stórir aðilar, þ.e. Hagar, Kaupás og Samkaup.



### III.

#### Niðurstaða

Í 17. gr. samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

Í samrunamáli þessu felst að 10-11 kann að bæta við sig markaðshlutdeild á markaði fyrir dagvöru. Að sama skapi leiðir samruninn mögulega til þess að markaðshlutdeild Kaupáss minnki eilítið. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012 kemur fram að fákeppni ríki í smásölu á dagvörumarkaði þar sem þrjár verslanasamstæður, þ.e. Hagar, Kaupás og Samkaup, hafi samanlagt verið með um 90% markaðshlutdeild á árinu 2010. Ennfremur kemur fram að markaðshlutdeild Kaupáss á höfuðborgarsvæðinu hafi verið um 25-26% árið 2010. Einnig segir þar að salan á verslunum 10-11 út úr Högum á árinu 2011 hafi verið til bóta, þó svo að salan hafi ekki breytt stöðu Haga á markaðnum í grundvallaratriðum.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruni þessa máls raski ekki samkeppni skv. þeim viðmiðum er felast í 17. gr. samkeppnislaga. Við rannsókn málsins var m.a. horft til þess að markaðshlutdeild 10-11 á dagvörumarkaði er lítil og að fyrir eru á markaðnum sterkir aðilar. Er samruni þessi frekar til þess fallinn að bæta heildarstöðuna á dagvörumarkaðnum þar sem markaðshlutdeild minni aðila, 10-11, eykst lítillega á meðan hlutdeild stórs aðila, Kaupáss, minnkar lítillega.

#### Ákvörðunarorð:

**„ Í kaupum Rekstrarfélagsins tíu-ellefu ehf. á vörumerkinu 11/11 af Kaupási hf. felst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast frekar vegna samrunans.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

